



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi
Erindi nr. P 132/1215
komudagur 9.3.2006

Reykjavík 8. mars 2006

Tilvísun: 2006020223

50.03

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann

Vísað er til bréfs allherjarnefndar frá 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.


Í athugasemdum með frumvarpinu er m.a. gerð grein fyrir því að frumvarpið taki mið af norskum lögum um sama efni og að Svíar hafi einnig tekið upp sambærileg lög. Ekki er gerð grein fyrir reynslu þessara þjóða af lagasetningunni og hefði það verið gagnlegt þó að vissulega sé lýst jákvæðri reynslu Austurríkismanna sem lögfesti slík úrræði árið 1997.

Leiddar eru líkur að því í athugasemdunum að ef frumvarpið verði að lögum þá verði upplýst um fleiri heimilisofbeldismál en nú er og auðveldara verði að grípa inn í þau á fyrstu stigum. Varðandi fyrra atriðið þá liggur slík niðurstaða ekki í augum upp og ber að hafa í huga að eitthvert tilefni leiðir til þess að lögregla hefur afskipti af einstaklingum á heimili þeirra. Síðan tekur við ferli þar sem atvik og aðstæður eru til rannsóknar og þó frumvarpið geri ráð fyrir nýju úrræði við þessar aðstæður þá breytir það ekki upphafi málanna. Engar upplýsingar um reynslu framangreindra þriggja þjóða varðandi þetta atriði er að finna í athugasemdunum. Varðandi seinna atriðið þá skiptir verulegu máli hvaða meðferðarúrræði standa gerendum og þolendum til boða hér á landi. Um mikilvægi þessa er sérstaklega fjallað í athugasemdunum og tekur ríkislögreglustjórinn undir þau sjónarmið.

Þá er rétt að nefna að þó það sé utanaðkomandi aðili, þ.e. lögregla, sem taki ákvörðun um brottvísun og heimsóknarbann þá er ljóst að upplýsingar og afstaða brotaþola, sérstaklega ef um fullorðinn einstakling er að ræða, hlýtur að skipta verulegu máli við ákvörðunartökuna ekki síst með tilliti til 4. gr. frumvarpsins. Auk þess ræðst framhald málsins af afstöðu brotaþola sbr. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Ef frumvarpið verður að lögum er ljóst að verið er að fela lögreglunni mjög vandasetmt verk. Vænta má umsagnar lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarpið og kann sú umsögn að hafa mikið vægi vegna reynslu embættisins af málum er varða nálgunarbann.

F.h. RLS


Steinar Adolfsson
lögl. fulltr.